

## Helstu niðurstöður VISKA verkefnisins á Íslandi

VISKA er stefnumótunarverkefni sem miðar að því að efla hæfni fólks til að mæta þörfum á vinnumarkaði. Á Íslandi var áhersla lögð á að bæta aðgengi innflytjenda að núverandi raunfærnimatskerfi og bera kennsl á helstu áskoranir. Samtals fór 51 þátttakandi í gegnum raunfærnimatsferli, flestir Pólverjar – en þeir eru stærsti hópur innflytjenda á Íslandi. Mikilvægt er að fara yfir málefni innflytjenda og aðlaga stefnu stjórnvalda og samfélags á öllum stigum.

Landskýrslu verkefnisins, afurðir og nánari upplýsingar má finna á [www.viskaproject.eu](http://www.viskaproject.eu)

Í verkefninu var unnið að fimm meginþáttum og lagðar fram niðurstöður og tillögur þeim tengdum.

Niðurstöður	Tillögur að úrbótum
<b>Þróa og efla tengslanet hagsmunaaðila í sveitafélögum og á landsvísu (stefnumótendur, aðilar vinnumarkaðarins og fagfólk sem vinnur með raunfærnimat/mat á færni)</b>	
<ul style="list-style-type: none"> <li>-Samráðshópur verkefnisins, sem mennta- og menningarmálaráðuneytið leiddi og bakhópur fulltrúa atvinnulífsins eru sammála um gildi raunfærnimats og að lögð sé áhersla á áframhaldandi þróun þess</li> <li>-Þættir í Framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda hafa sterka tengingu við áherslur í VISKA verkefninu</li> <li>-Stærsta áskorunin er aðgengi innflytjenda að formlega skólakerfinu að loknu raunfærnimati þar sem skortur er á upplýsingagjöf og íslenskustuðningi í námi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Niðurstöður úr VISKA verkefninu verði nýttar inn í Framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda sem á að leggja upp fyrir árin 2020-2024</li> <li>-Upplýsingagjöf um íslenska skólakerfið og stuðning í íslensku við innflytjendur í framhaldsskólum þarf að formfesta og fjármagna</li> <li>-Móta þarf stefnu um íslenskunám innflytjenda og skoða sérstaklega hlutverk og ábyrgð hagsmunaaðila, ekki síst innan atvinnulífsins</li> </ul>
<b>Þróa og/eða aðlaga verkfæri sem nýtt eru í mati á færni, með rafræna miðla og einstaklingsnálgun í huga, til að nýta með sérstökum markhópum og tryggja gæði raunfærnimatsferlisins</b>	
<ul style="list-style-type: none"> <li>-Verkfæri og ferli sem nýtt eru í raunfærnimatinu hér á landi henta innflytjendum</li> <li>-Efla þarf gæði þýðinga á verkfærum og túlkunar í raunfærnimatsferlinu með því að leggja áherslu á þekkingu þýðenda og túlka á því fagi sem um ræðir</li> <li>-Það reyndist gagnlegt að yfirfara gæðaviðmið fyrir og eftir tilraunahluta verkefnisins</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Þau verkfæri sem til eru þarf að þýða yfir á fleiri tungumál byggt á þörfum hverju sinni</li> <li>-Þýðendur og túlkar þurfa að búa yfir þekkingu á því fagi sem um ræðir</li> <li>-Leggja þarf áherslu á að gæðaviðmið séu yfirfarin fyrir og eftir framkvæmd raunfærnimats sem hluti af gæðakerfinu</li> </ul>

<p><b>Skapa sameiginleg viðmið fyrir skráningu og mat á yfirfæranlegri færni fyrir fjölbreytta markhópa (innflytjendur og/eða fólk með litla formlega menntun)</b></p>	
<p>-Fjórum stigum raunfærnimatsins (færni dregin fram, færniskráning, mat og viðurkenning) var beitt á móti fimm matsviðmiðum</p> <p>-Þátttakendur voru jákvæðir gagnvart ferlinu og virkaði það hvetjandi fyrir áframhaldandi færniþróun þeirra og atvinnuleit</p>	<p>-Vinna þarf áfram að þróun raunfærnimats í yfirfæranlegri færni fyrir innflytjendur</p>
<p><b>Þjálfun og/eða færniuppbygging fyrir náms- og starfsráðgjafa og aðra fagaðila sem koma að raunfærnimati, með ákveðna markhópa í huga</b></p>	
<p>-Þátttakendur voru ánægðir með viðbótarþjálfun í VISKA verkefninu</p> <p>-Hlutverk túlka og fagleg nálgun þeirra er afar mikilvæg fyrir skýra og nákvæma miðlun í raunfærnimati</p>	<p>-Viðbótarþjálfun um raunfærnimat fyrir innflytjendur þarf að vera hluti af þjálfun þeirra sem koma að því</p> <p>-Brýnt er að túlkar fái viðeigandi þjálfun til að tryggja gæði raunfærnimats fyrir innflytjendur</p>
<p><b>Bæta aðgengi að þeirri þjónustu og stuðningi sem í boði er og auka þekkingu á raunfærnimati, með ákveðna markhópa í huga</b></p>	
<p>-Hagsmunaaðilar höfðu takmarkaða þekkingu á aðgengi innflytjenda að raunfærnimati</p> <p>-Innflytjendur höfðu takmarkaða þekkingu á raunfærnimati</p> <p>-Það reyndist mikil áskorun og tímafrekt að ná til hópsins</p> <p>-Samskipti voru takmörkuð vegna tungumálaörðugleika</p>	<p>-Samstarf hagsmunaaðila þarf að formgera með því að koma á tengslaneti um áframhaldandi þróun, t.d. í gegnum nýja Framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda fyrir tímabilið 2020-2024</p> <p>-Til þess að innflytjendur hafi raunverulegt aðgengi að raunfærnimati þarf að skilgreina leiðir til að ná til hópsins og skipuleggja þær (fólk þarf mögulega viðbótarstuðning, takmarkaðar upplýsingar duga ekki)</p> <p>-Vinna þarf með tungumálaörðugleika (t.d. með því að opna aðgengi að faglegri túlkajónustu)</p>

Tafla 1: Niðurstöður fyrir meginþætti og tillögur

Á Íslandi er vel virkt kerfi til staðar sem nýta má til að þróa raunfærnimat fyrir innflytjendur. Ríkisstjórnin mun setja fram nýja Framkvæmdaáætlun fyrir málefni innflytjenda fyrir tímabilið 2020-2024 og hefur raunfærnimatskerfið á vettvangi framhaldsfræðslunnar sterka tengingu við markmið hennar. Lagt hefur verið til að niðurstöður VISKA verkefnisins verði nýttar við framkvæmd áætlunarinnar. Mikilvægt er að haldið verði áfram að vinna með lærdóm af verkefninu með auknu samstarfi hagsmunaaðila í því skyni að jafna tækifæri fólks til færniþróunar. Það felur í sér ávinning fyrir allt samfélagið.